

Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2012

Aðalfundur Landsbankans hf. fyrir árið 2011 var haldinn miðvikudaginn 28. mars 2012 kl. 16:00 í Silfurbergi í Hörpu.

Fundurinn hófst með því að Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Jóhannes Karl Sveinsson hrl. yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.

Jóhannes Karl tók við stjórn fundarins, lýsti löglega til hans boðað og fundinn löglegan að öðru leyti. Hann lagði því næst til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Mætt var fyrir eigendur alls hlutfjár, en hluthafar eru tveir. Annars vegar er um að ræða íslenska ríkið sem fer með 81,3% hlutfjár, en Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlutinn fyrir hönd ríkissjóðs, og hins vegar Landskil ehf. sem fer með 18,7% hlutfjár.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.

Gunnar Helgi Hálfðanarson fjallaði í skýrslu sinni um starfsemi Landsbankans á árinu 2011, brýnustu verkefni hans og umhverfi.

Hann sagði að nú væri verið að móta skipan fjármálakerfisins til framtíðar, m.a. í ljósi erfiðleika og lærdóms undangenginna ára. Þessi vinna þurfi að fara fram með faglegum hætti og tryggja þurfi eðlilegt samspil stjórn mála, eftirlitsstofnana og atvinnugreinarinnar sjálfar í því sambandi. Byggja þurfi upp traust á fjármálafyrirtækjunum og kerfinu öllu og haga því með sambærilegum hætti og best þekkt í okkar helstu nágrannalöndum. Þá rakti hann atriði sem lítið er til erlendis og hafa þurfi til hliðsjónar varðandi þróun löggjafar og starfseminnar almennt.

Hann fjallaði enn fremur um meginverkefni innan bankans á næstunni og þær breytingar sem eru í farvatninu. Bankaráð leggi nú áherslu á kostnaðarhagkvæmni, endurfjármögnun, aukin gæði elgna, skráningu bankans í Kauphöll og að lokið verði við uppgjör við þrotabú gamla Landsbankans.

Formaður bankaráðs benti á að skráning bankans í Kauphöll væri í samræmi við samkomulag fjármálaráðuneytis, gamla og nýja bankans frá árinu 2009 og í samræmi við eigendastefnu ríkisins um að bankinn komist í dreift eignarhald í fyllingu tímans. Lagði hann áherslu á að það skipti miklu um endurrelsn fjármálakerfisins að stórt og sterkt fyrirtæki eins og Landsbankinn færi á hlutabréfamarkað. Hins vegar mætti umgjörð bankans, lög, reglur og stjórnarhættir ekki vera þyngjandi fyrir bankann og tryggja verður stöðu minnihlutaeigenda þannig að nýir fjárfestar sjái sér hag að koma inn og elga í bankanum með ríkinu.

Gunnar Helgi gerði síðan grein fyrir rekstri og fjárhagsstöðu bankans. Kom fram að bankinn hefur í varúðarskygni fært 38 milljarða króna til gjalda vegna dóms Hæstaréttar um gengistryggð lán frá því í febrúar 2012. Þá sagði hann að lausafjárstaða bankans væri áfram sterk svo og eiginfjárstaða hans. Samhlíða mætti sjá ýmis batamerki í þróun lykilkáttanna í rekstri sem yki samkeppnishæfni og styrk á óvissutímum.

Hann þakkaði í lok ræðu sinnar bankastjóra, lykilstjórnendum, starfsmönnum og öðrum bankaráðsmönnum fyrir árangursríkt starf á árinu 2011.

2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.

Steinþór Pálsson, bankastjóri, gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2011. Jafnframt fór hann yfir stefnu bankans, markmið og árangur í rekstri á árinu.

Fram kom í máli hans að heildareignir í árslok 2011 námu 1.135 milljörðum kr. og var eiginfjárhlutfall 21,4%. Sjóður og innistæður í Seðlabanka námu um 8,8 milljörðum í árslok og höfðu lækkað um 39 milljarða á árinu. Skýrist sú lækkun fyrst og fremst af tilfærslu eigna yfir í markaðsskuldabréf, en þau hækkuðu um rúma 60 milljarða á árinu. Útlán til viðskiptavina hækkuðu um 46,2 milljarða eða 8% á árinu. Aðrar eignir hækkuðu um 37,2 milljarða á árinu, en meðal annarra eigna er krafa bankans á ríkissjóð að fjárhæð 30,6 milljarðar kr. vegna yfirtöku á SpKef.

Þá fór bankastjóri yfir samsetningu skulda í efnahagsreikningi. Kom m.a. fram að skilyrta skuldabréfið í eigu gamla Landsbankans nam í árslok 60,8 milljörðum og hafði það hækkað um 34,3 milljarða á árinu. Eigið fé nam um 200,2 milljörðum og jókst um 8% á árinu. Bankastjóri gerði ennfremur grein fyrir áætluðu greiðslufæðli af skuldabréfi í eigu gamla Landsbankans.

Hagnaður ársins 2011 nam um 16,9 milljörðum. Hreinar vaxtatekjur á árinu voru 32,6 milljarðar kr. og höfðu þær hækkað um 32%. Bankastjóri vakti athygli á því að hreinar þjónustutekjur hefðu hækkað um 23% á árinu og má m.a. rekja það til aukningar tekna af eignastýringu. Rekstrarkostnaður hækkaði um 20% á árinu sem skýrist m.a. af yfirtöku bankans á SpKef og Avant.

Þá lagði bankastjóri fram yfirlit yfir virðisbreytingar útlána á tímabilinu 2009-2011 og kom fram að áhrifin á Landsbankann eru á heildina litið neikvæð um tæpa 15 milljarða á tímabilinu.

Í lok ræðu sinnar fjallaði bankastjóri um áherslur framundan hjá bankanum, m.a. um bankann sem hreyfiafi á Íslandi, opinn banka, samfélagslega ábyrgð og persónulega þjónustu. Bankinn leggur einnig áherslu á að treysta sína fjármögnun til framtíðar, þ.m.t. með því að ljúka uppgjöri við gamla Landsbankann vegna skilyrta skuldabréfsins, tryggja lánshæfiseinkunn, opna aðgengi að lánamörkuðum og tryggja farsæla skráningu á markaði.

Ársreikningurinn fyrir árið 2011, ásamt skýrslu endurskoðanda og skýrslu bankaráðs og bankastjóra, var að því búnu borinn undir fundinn og samþykktur samhljóða.



3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstlöðnu reikningsári.

Þá var lögð fram tillaga um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2011.

Lagt var til að hagnaði rekstrarársins 2011 skuli ráðstafað til hækkunar á eigin fé Landsbankans hf.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.

Bankaráð lagði til að aðalfundur Landsbankans samþykkti eftirfarandi starfskjarastefnu:

1. gr. Markmið

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf, en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd Landsbankans er skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð hefur ritað nefndinni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar.

3. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa

lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

4. gr. Starfskjör bankastjóra og helstu stjórnenda

Bankaráð ræður bankastjóra. Starfskjör hans skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum og á fjármálamarkaði, en þó ekki leiðandi.

Bankastjóri ræður helstu stjórnendur félagsins og skulu laun þeirra vera samkeppnishæf, en þó ekki leiðandi.

5. gr. Breytilegir kjarabættir

Í samningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins, Landsbankans hf. og Landsbanka Íslands hf. frá 15. desember 2009 er kveðið á um að Landsbankinn komi á árangurstengdu launakerfi fyrir starfsmenn (e. employee incentive scheme). Kerfið skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um slíkt kerfi hjá fjármálafyrirtækjum. Tillögur að slíku kerfi og tilheyrandi breytingum á starfskjarastefnu skulu lagðar fyrir sérstakan hluthafafund. Fram að því er bankaráði ekki heimilt að samþykkja slíkt kerfi.

6. gr. Upplýsingagjöf

Landsbankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og helstu stjórnenda bankans í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.


Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oft en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Starfskjarastefnan var samþykkt samhljóða.

5. Tillögur til breytinga á samþykktum.

Engar tillögur höfðu borist um breytingar á samþykktum

 ⁴
KB

6. Kosning bankaráðs.

Fyrir aðalfundinn var lögð fram tillaga um að eftirtaldir einstaklingar verði kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar. Forfallist aðalmaður tekur varamaður sæti í þeirri röð sem nöfn varamanna birtast. Sú undantekning er frá þessari reglu að forfallist aðalmaður, sem tilnefndur er af Landskilum ehf., tekur varamaður hans sæti og eingöngu fyrir þann aðalmann.

Fyrsti varamaður skal að jafnaði taka þátt í fundum bankaráðs.

Aðalmenn*:

Gunnar Helgi Hálfðanarson

Andri Geir Arinbjarnarson

Sigríður Hrólfsdóttir

Þórdís Ingadóttir

Ólafur Helgi Ólafsson

Varamenn*:

Jón Sigurðsson

Helga Loftsdóttir

Kristján Þ. Davíðsson

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Þorsteinn Garðarsson

*Fyrstu fjórir aðal- og varamenn í upptalningunni eru tilnefndir af Bankasýslu ríkisins, en þeir síðasttöldu eru tilnefndir af Landskilum ehf.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Kosning endurskoðanda.

Síðan var lögð fram tillaga um að aðalfundur myndi kjósa Ríkisendurskoðun sem endurskoðanda félagsins fyrir fjárhagsárið 2012.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili.

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Lagt er til að þóknun almennra bankaráðsmanna fyrir tímabilið fram til næsta aðalfundar skuli vera kr. 350.000 á mánuði, greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera kr. 600.000 og þóknun varaformanns kr. 425.000 á mánuði. Þóknun til hvers bankaráðsmanns fyrir störf í undirnefndum bankaráðs skal vera kr. 100.000 á mánuði. Þóknun til varamanna skal vera kr. 175.000 fyrir hvern setinn fund, en þó aldrei hærra en þóknun aðalmanna innan hvers mánaðar.

J³ S
KID

Tillagan var samþykkt samhljóða.


9. Önnur mál.

Þá var komið að liðnum önnur mál.

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá skriflegri fundargerð í samráði við fundarritara og var það samþykkt.

Fundi var slitið kl. 17:30



Jóhannes Karl Sveinsson

Fundarstjóri



Kristinn Briem

Fundarritari